

**Umsögn Vantrúar um frumvarp til laga um brottfall og breytingu á ýmsum lögum og ákvæðum um presta, trúfélög og lífsskoðunarfélög (sjálfstæði kirkjunnar).**

Vantrú styður frumvarpið heilshugar, en vill benda á tvær hugsanlegar betrubætur á því.

1. Brottfall laga um sóknargjöld

Í 24. grein frumvarpsins er lagt til að lög um sóknargjöld (nr. [91/1987](#)) falli brott. Vantrú styður það.

Þessi framlög ríkisins eru grundvöllur starfsemi ýmissa trúfélaga auk þess sem margir talsmenn trúfélaga halda því fram að sóknargjöld séu í raun félagsgjöld sem ríkið innheimtir fyrir hönd trúfélaga í gegnum tekjuskatt.

Til að koma til móts við þau sjónarmið og þá staðreynd að trúfélög byggja starfsemi sína á þessum framlögum finnst okkur að samhliða brottfalli laga um sóknargjöld mætti lækka tekjuskatt á einstaklinga (t.d. með hækkun á persónuafslætti eða lækkun fyrsta skattþreps tekjuskatts) þannig að ríkið verði af tekjum sem samsvara núverandi greiddum sóknargjöldum.

Þannig fengi almenningur meira fé sem hann getur þá ráðstafað til trúfélaganna ef hann vill.

2. Brottfall laga um Þjóðkirkjuna

Í 25. grein frumvarpsins er lagt til að lög um stöðu, stjórn og starfshætti Þjóðkirkjunnar (nr. [78/1997](#)) falli brott. Vantrú styður það auðvitað.

Brottfall þessara laga gæti valdið Þjóðkirkjunni óþægilegu lagatómi. Við leggjum því til að ákvæðið taki gildi t.d. ári seinna en samþykkt laganna þannig að kirkjuþing Þjóðkirkjunnar hafi tíma til að setja starfsreglur sem koma í stað þessara laga um Þjóðkirkjuna.

fyrir hönd Vantrúar,  
Hjalti Rúnar Ómarsson, gjaldkeri Vantrúar